

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

16. stjórnarfundur - haldinn 5. maí 2026 kl. 13:00 á skrifstofu GLÍ

Mættir; Rögnvaldur, Sigmundur og Sigurjón. Kjartan og Lambi tengdir.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar 15 fundar
2. Glímuping 6 júní
3. Starfsskýrsla 2025
4. Önnur mál

1. Fundargerðir

Fundargerð 15 samþykkt.

2. Glímuping

Glímuping verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, kl. 13:00, laugardaginn 6. júní 2026. Fundarboð verður sent til sambandsaðila í dag, ásamt þeirra sem eru á póstlista GLÍ. Auk þess verður það sett á heimasíðu Glímusambandsins og á Facebook síðu þess.

a. Fjöldi þingfulltrúa.

Kjartan er búinn að taka saman fjölda þingfulltrúa frá hverjum sambandsaðila. Listinn lítur svona út:

HSK – 9 fulltrúar
HSP – 1 fulltrúi
IBA/KA – 1 fulltrúi
IBR – 3 fulltrúar
UDN – 2 fulltrúar
UIA – 6 fulltrúar
UMSS – 1 fulltrúi

Alls eru þetta 23 fulltrúar, sem er sami fjöldi og á Glímupingi 2025.

b. Ársreikningar

Þeir eru langt komnir. Eina sem stendur eftir er bókhaldsleg meðferð á uppgjöri við fyrrverandi framkvæmdastjóra. Málið var rætt og fundin lending á málinu.

c. Ársskýrsla

Kristín Embla er langt komin með skýrsluna. Það vantar að finna myndir. Lagt er til að allir stjórnarmenn lesi skýrsluna yfir þegar hún liggur fyrir, sérstaklega skráningar á úrslitum móta.

Jón M Ívarsson mun sjá um prófarkalestur.

d. Lagabreyting

Lambi yfirfór tillögu að lagabreytingu á 2.gr Laga Glímusambands Íslands. Orðalag á breytingu var samþykkt. Ritara falið að ganga frá tillögu og senda til sambandsaðila með boðun á Glímuping.

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

3. Önnur mál

- a. Starfsskýrsla fyrir 2025 er ófrágengin. Ársreikningur er hluti af starfsskýrslu og hann liggur ekki fyrir. Lykiltölur úr reikningum þurfa að fylgja og gjaldkeri tekur þær saman. Ritara er falið að yfirfara málin með ÍSí og skýra stöðuna.
- b. Ósk Afreksmiðstövar um skýrslur um afreksstarf
Bráðabirgðastjórn GLÍ sendi drög að skýrslum nokkrum dögum fyrir framhaldsþingið í september 2025. Formaður hefur verið í samskiptum við Afreksmiðstöð og er það niðurstaða að meðan ekki er keppt í íslensku glímu við erlenda glímumenn, þá sé ekki um landsliðsverkefni að ræða. Afreksmiðstöð er til í samtal um að finna aðra fleti en að keppt sé í óviðurkenndum íþróttum. Ritari sendir Afreksmiðstöð samantekt á stöðunni
- c. Mývetningar
Ósk hefur komið frá Ungmenna- og íþróttafélaginu Mývetningi um að fá glímukynningar í 2-3 daga um miðjan maí. Formaður og ritari munu fara norður og standa að kynningum hjá félögum innan HSP í nokkra daga.
- d. Gjaldkeri verður erlendis dagana 21-28 maí og ritari verður frá 23-30 maí.

Fundarritari: Sigurjón Leifsson

Fundi slitið kl. 14:50.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður tímanlega fyrir Glímuping.

Staðfesting stjórnarmanna:
